



Reykjavíkurborg

Félagsþjónustan

Alþingi

Allsherjarnefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1866  
komudagur 17.5.2005

Reykjavík, 12. maí 2005

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 131. löggjafarþing 2004-2005 þskj. 73 - 73. mál.**

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 14. mars sl., þar sem fram kemur beiðni til Félagsþjónustunnar í Reykjavík um að veita umsögn varðandi ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Beiðist er velvirðingar á þeirri seinkun sem er á svari til nefndarinnar en ástæðuna má rekja til mikilla anna.

Félagsþjónustan í Reykjavík telur mikilvægt að huga betur en gert hefur verið að uppbyggingu og þróun fangelsismála á Íslandi. Þingsályktunartillaga sem þessi er því ánægjuleg því mikilvægt er að umræða fari fram um þær aðstæður sem fongum eru búnar hér á landi bæði hvað varðar húsnæðisáðstöðu og ekki síður þá þjónustu og úrræði sem fongum standa til boða.

Eins og flutningsmenn tillögunnar benda á, þá eru ákveðnir kostir samfara því að byggja sérdeild fyrir unga afbrotamenn. Það eru hinsvegar nokkur atriði sem vert er að benda á í þessu samhengi;

- ✓ Aðstæður ungra afbrotamanna geta verið afar mismunandi, sumir eru að fremja sitt fyrsta afbrot en aðrir eiga lengri sögu að baki. Því má spyrja hvort ekki geti verið óheppilegt að ungir afbrotamenn með mismunandi afbrotaferil að baki afpláni saman?
- ✓ Bent hefur verið á að bakgrunnur ungra afbrotamanna, sérlega þeirra sem brjóta oftast en einu af sér, sé ekki ólíkur. Spyrja má þá hvort ekki geti reynst erfiðara að brjóta upp óæskilegt hegðunarmynstur hjá hópi fanga á svipuðum aldri og hugsanlega með svipaðan bakgrunn en ef um ólíkari hóp væri að ræða?
- ✓ Erfitt er að skilgreina nákvæmlega aldursbil í þessu samhengi. Hvað með 25 eða 26 ára einstakling sem stendur frammi fyrir afplánun í fyrsta sinn. Stendur honum ekki til boða sérdeild sem þessi?


Að mati Félagsþjónustunnar í Reykjavík er mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á á tiltölulega litlar einingar innan fangelsanna og þar sé reynt að velja saman fanga sem ætla má að hægt sé að vinna með, veita stuðning og aðstoð bæði á einstaklingsgrunni og saman í hóp.


Í stað sérdeildar fyrir unga fanga á aldrinum 18-24 ára telur Félagsþjónustan að heppilegra sé að meta hvert tilvik fyrir sig þegar verið er að ákveða hvar fangi skuli afplána. Meðal þess sem líta þarf til er aldur, afbrotaferill, hugsanlega eðli afbrota, bakgrunnur og félagslegar

aðstæður til að stuðla að því að fangelsisvistin verði eins uppbyggileg og mögulegt er þannig að þeir fangar sem vilja betrumbæta sitt líf fái til þess tækifæri og geti komið út í samfélagið á nýjan leik að lokinni aðlögun og orðið virkir þjóðfélagsþegnar.

Félagsþjónustan í Reykjavík er fylgjandi því að aðstæður ungra fanga verði bætтар hér á landi og telur framangreinda tillögu til þingsályktunar vera mikilvægan lið í því efni.

F.h. Félagþjónustunnar í Reykjavík,

  
Elly A. Þorsteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs

  
Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.

Afrit sent: Sviðsstjóri stjórnýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar.